

Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (einföldun reglna um greiðslu hlutafjár í öðru en reiðufé o.fl.).

Frá viðskiptanefnd.

1. Við 1. gr.
 - a. Á eftir orðunum „vegið meðaltal“ í 1. mgr. a-liðar komi: verðs.
 - b. Á eftir orðunum „krafist þess“ í fyrri málslíð 3. mgr. b-liðar komi: af stofnendum eða stjórn.
 - c. Síðari málslíður 3. mgr. b-liðar orðist svo: Slíka kröfu má gera þar til greiðslan hefur verið innt af hendi til félagsins.
2. Við 2. gr. Í stað orðanna „3. mgr. 8. gr.“ komi: 2. mgr. 8. gr.
3. Við 7. gr. Á undan orðunum „í 2. mgr. 133. gr.“ komi: tvívegis.
4. Við 9. gr.
 - a. Í stað orðanna „metið á meðaltalsverði á skipulegum verðbréfamarkaði“ í 1. mgr. a-liðar komi: metið á vagnu meðaltali verðs á skipulegum verðbréfamarkaði.
 - b. Á eftir orðunum „krafist þess“ í fyrri málslíð 3. mgr. b-liðar komi: af stofnendum eða stjórn.
 - c. Síðari málslíður 3. mgr. b-liðar orðist svo: Slíka kröfu má gera þar til greiðslan hefur verið innt af hendi til félagsins.
5. Við 13. gr. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ríkisstjórninni er heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 95/2007 frá 6. júlí 2007 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn frá 2. maí 1992.